

Skapandi skrif (ÍSLE3FS05)

Námsáætlun haustannar

2021



Kennari	Snorri Björnsson	Sk.st.	SNO
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður fjallað um ýmsar tegundir fagurbókmennta og birtingarform þeirra. Nemendur vinna fjölbreytt og skapandi verkefni í tengslum við eigin verk og annarra sem fela t.d. í sér ýmis konar umskrifun, túlkun og framsetningu. Nemendur afla sér heimilda um ýmislegt sem tengist viðfangsefni áfangans og almennri bókmenntafræði. Nemendur þreifa sig áfram með eigin texta af ýmsu tagi og skyggjast með þeim hætti inn í heim rithöfunda og skálda. Þeir spreyta sig jafnframt á því að skrifa stór og smá bókmenntaverk á ýmsu formi, bæði að eigin vali og í samráði við kennara. Áhersla er á að nemendur sýni frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð, öðlist víðsýni og beiti gagnrýnni hugsun. Nemendur vinna ýmist hver fyrir sig eða með öðrum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi tegundum fagurbókmennta og helstu stefnum í íslenskum bókmenntum
- öllum helstu bókmenntahugtökum og stílbrögðum sem notuð eru við bókmenntagreiningu
- orðaforða sem nægir til að lesa og vinna með helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast í ræðu og riti
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu og gildi mismunandi heimilda

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa algengustu tegundir bókmenntatexta
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn í bókmenntum
- draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýnninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

Skapandi skrif (ÍSLE3FS05)

Námsáætlun haustannar

2021



Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja, greina og tengja bókmenntatexta við ríkjandi stefnur í listum á hverjum tíma
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta, á vönduðu og blæbrigðaríku máli
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á samfélagslegum og bókmenntasögulegum skírskotunum, duldem boðskap og hugmyndum
- velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið
- nýta sér heimildir af ýmsum toga í tengslum við námsefni og verkefnavinnu
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við úrvinnslu og skil á verkefnum

Námsgögn:

Nemendur mega búast við nokkrum lestri jafnt og þétt yfir önnina, en kennari leggur fyrir ýmiskonar efni s.s. smásögur, ljóð, örsögur, leikrit o.fl., auk skáldsagna og annars efnis. Lesefni verður aðgengilegt á Moodle eða á bókasöfnum.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1. Vikur 35 - 38	Almenn kynning á áfanganum, hugleiðingar um skrif og upprifjun á bókmenntahugtökum. Ólíkar bókmenntagreinar kynntar og mismunandi birtingarform þeirra. Skoðuð verða textadæmi af ýmsum gerðum. Nemendur spreyta sig á að breyta þeim í samræmi við fyrirmæli kennara.	Námsmat lotunnar felst í prófi úr hugtökum og verkefnum af ýmsu tagi. Auk þessa velja nemendur sér höfund og skáldsögu til þess að vinna verkefni í lotu tvö.	Próf 10%
Lota 2. Vikur 39 - 42	Í þessari lotu verður áherslan lögð á eigin textagerð nemenda af ýmsu tagi, auk þess sem nemendur lesa hugverk annarra og nýta til að bæta eigin texta. Nemendur meta verk hver annars og koma með uppbyggjandi gagnrýni. Tilraunir verða gerðar með einhvers konar hóptextagerð.	Nemendur kynna sér höfund að eigin vali og lesa verk eftir hann í samráði við kennara og vinna verkefni.	Heimildaverkefni 10% Kynning 5%

Skapandi skrif (ÍSLE3FS05) Námsáætlun haustannar 2021



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Lota 3. Vikur 43 - 46	Skrifað út frá kveikju: Unnið með mótíf, vísanir og bókmenntastefnur.	Nemendur glíma við textagerð sem sprettur af hughrifum þekkttra og óþekkttra mótífa eða vísana í bókmenntaverk eða aðrar listgreinar, t.d. dægurlagatexta.	Verkefni 10%
Lota 4. Vikur 47 - 49	Nemendur vinna lokaverkefni og velja á hvaða formi þeir skila því, s.s. smásaga, leikrit, ljóð o.fl.	Nemendur vinna lokaverkefni og velja á hvaða formi þeir skila því, s.s. smásaga, leikrit, ljóð o.fl. Nemendur ljúka önninni með því að kynna verkefni sín fyrir samnemendum. Einkunn fyrir verkefni byggist á jafningjamati, samhlíða mati kennara.	Lokaverkefni 20%
Öll önnin	Ýmis skapandi verkefni Samræður	Nemendur skila reglulega skriflegum verkefnum á Moodle. Verkefni eru unnin í kennslustundum og heima í tengslum við umfjöllunarefni hverrar lotu. Nemendur taka þátt í samræðutímum á önninni, lesa úr eigin verkefnum og hlusta á verkefni annarra.	30% 15%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform: <input checked="" type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Skrifleg verkefni Öll önnin	Nemendur skila reglulega skriflegum verkefnum á Moodle. Verkefni eru unnin í kennslustundum og heima í tengslum við umfjöllunarefni hverrar lotu. Einstaklingsverkefni	30%
Þátttaka og virkni í samræðutímum Öll önnin	Sérstakir samræðutímar verða reglulega á önninni þar sem nemendur lesa úr eigin verkum og hlusta á verk annarra nemenda. Nemendur þurfa að taka þátt í þessum tíma, hlusta og gefa uppbyggilega gagnrýni. Kennari metur frammistöðu nemanda í samræðutímum sem byggist á þátttöku og virkni nemenda. Einstaklingsmat.	15%
Próf 1. lota	Nemendur taka tímapróf úr bókmenntahugtökum. Prófið verður í lok 1. lotu. Einstaklingsverkefni.	10%
Verkefni úr skáldsögu 2. lota	Nemendur velja sér skáldsögu í samráði við kennara og höfund, kynna sér verk hans og vinna heimildaverkefni út frá því (10%). Nemendur kynna einnig höfundinn og verk hans fyrir samnemendum sínum og leggja mat á (5%). Einstaklings-/paraverkefni	15%

Skapandi skrif (ÍSLE3FS05) Námsáætlun haustannar 2021



Verkefnaskólinn á Akureyri

Kynning á afrakstri lotunnar 3. lota	Nemendur glíma við textagerð sem sprettur af hughrifum þekktra og óþekktra mótífa eða vísana í bókmenntaverk eða aðrar listgreinar, t.d. dægurlagatexta. Einstaklingsverkefni.	10%
Lokaverkefni. 4. lota	Nemendur vinna að lokaverkefni áfangans Einstaklings-/paraverkefni	20%
	Samtals:	100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á að vinna það upp að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu fimm kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Öllum skriflegum verkefnum skal skila í skilakassa á Moodle, sem pdf-skjali.


Símar og önnur snjalltæki er óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

ATH! Vegna Covid-19 heimsfaraldurs getur skipulag og kennsluhættir breyst frá því sem hér segir.

Dagsetning: 17.8'21


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils